

Mál nr. 1
Víkingur Ó
gegn
FH

Kæra Víkings Ó
Dómkröfur

Víkingur Ó gerir kröfu um að leikur FH og Víkings sem fór fram sunnudaginn 19. mars 2006 verði dæmdur FH tapaður 0-3.

Málavextir

FH ingar skiptu inn á tveimur leikmönnum í fyrri hálfleik, einum í hálfleik og þremur í seinni hálfleik, þrátt fyrir að þeir hafi einungis mátt skipta inná tveimur leikmönnum í seinni hálfleik þar sem tvær skiptingar höfðu verið notaðar í fyrri hálfleik.

Röksemdir

Skv. reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2006 grein 6.2. Þá er heimilt að hafa sjö varamenn en heimilt er að skipta 4 varamönnum inná í hverjum leik og að auki er heimilt að skipta allt að 3 varamönnum inn á í leikhléi, áður en síðari hálfleikur hefst.

Röksemdir

Sambærilegt mál kom upp í leik ÍR – ÍH í bikarkeppni KSÍ sumarið 2004 þar sem ÍR ingar notuðu of marga varamenn og var þeim dæmdur ósigur 0-3 í þeim leik.

Sönnunargögn:

Leikskýrsla í leik FH og Víkings Ó sem fram fór sunnudaginn 19. mars 2006.

Vitni:

Sigurður Óli Þórleifsson, aðstoðardómari
Garðar Örn Hinriksson, dómari

Virðingarfyllst.
f.h. knattspyrnudeildar Víkings Ó
Jónas Gestur Jónasson

Greinargerð FH

Dómkröfur

Krafist er sýknu af kröfum kæranda (Víkings Ólafsvík)
Til vara er þess krafist að leikurinn verði leikinn að nýju.

Málavextir

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við lýsingu kæranda á málavöxtum varðandi framgang skiptinga FH í leiknum.

Málstæður

Kröfu um sýknu byggir FH á því að Deildarbikarkeppnin sér í eðli sínu æfingamót. Um slík mót gildi eðli samkvæmt aðrar reglur en um deildar og bikarkeppni KSÍ sem leikin er á hefðbundnu keppnistímabili hér á landi.

Þessu til staðfestingar bendir kærði á að í sérstakri reglugerð um Deildarbikarkeppni séu ákvæði mun rýmri en í öðrum keppnum varðandi skiptingar leikmanna. Í þessari keppni er heimilt að nota 7 varamenn og má skipta þeim öllum inná í leiknum. FH notaði 6 varamenn í umræddum leik en ekki 7 eins og heimilt var. Hér þykir, til áréttingar því hvers eðlis þetta mót er í raun og tilgangur þess, rétt að benda á tilkynningu sem sett var á vef KSÍ 30. janúar sl. svohljóðandi;

„Um deildarbikarinn 2006 Keppni hefst um miðjan febrúar

Deildarbikarkeppni KSÍ hefst um miðjan febrúar og hafa reglugerðir í deildarbikar karla og kvenna verið kynntar þeim félögum sem taka þátt.

Heimilt að nota 18 leikmenn Nú verður heimilað að nota 18 leikmenn í stað 16 áður. Til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum þurfa 3 af þessum 7 skiptingum að vera gerðar í leikhléi. Notað er sérstakt leikskýrsluform fyrir 18 leikmenn sem KSÍ leggur til (rautt leikskýrsluform).

Úrslitakeppni karla

Úrslitakeppni A-deildar hefur verið minnkuð. Nú komast 2 lið áfram úr hvorum riðli í stað 4 áður.

Ólöglegir leikmenn

Minnt er sérstaklega á neðangreint ákvæði:

10.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Staðfesti skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til Dómstóls KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Í þessari tilkynningu kemur greinilega fram að ákvæði um skiptingu þriggja leikmanna í leikhléi er eingöngu til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum. Í þessu tilfelli er ágreiningslaust að dómari leiksins heimilaði skiptingar FH í síðari hálfleik. Verður því ekki annað ráðið en að hann hafi talið að þær væru ekki til þess fallnar að tefja leikinn svo neinu nemi. Í þessu sambandi má velja fyrir sér hvað gert yrði ef lið verður fyrir því að leikmenn meiðast í síðari hálfleik. Að mati FH er óhugsandi að liði yrði meinað að skipta inn leikmanni fyrir meiddan mann ef það er ekki búið að nota alla varamenn sína.

FH heldur því fram að fordæmi það sem kærandi vísar til sé ekki sambærilegt og þetta mál. Þar háttaði svo til að ÍR notaði fleiri varamenn en heimilt var en svo er ekki í þessu tilfelli eins og áður er bent á. Þá er því að auki haldið fram að dómur áfrýjunardómstóls KSÍ í máli ÍR og ÍH sé efnislega rangur og þar með ekki bindandi.

FH bendir auk þess á að í nefndri reglugerð um Deildarbikarkeppni sé sérstakt ákvæði um agamál og einnig er sérstaklega tekið fram að leikur tapist 0-3 ef lið mæti ólöglega skipað til leiks. Ekkert er hins vegar fjallað um hvað gera skuli í tilfelli sem þessu enda er það ekki nema von þar sem ákvæði um innáskiptingar er undantekningarákvæði sem eingöngu gildir í Deildarbikarkeppni KSÍ. Af þeim sökum er ekki að finna neinar vísbendingar í hinni almennu reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

FH heldur því fram að fyrir „brot“ eins og hér er kært fyrir sé alltof mikil refsing að dæma leikinn tapaðan. Það er því krafa FH ef dómstólinn kemst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að taka ekki sýknukröfu FH til greina þá beri að láta leikinn fara fram að nýju.

Virðingarfyllt
Fh. Knattspyrnudeildar FH
Jón Rúnar Halldórsson

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudaginn 18. apríl er dómþing Dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið málið nr 1/2006

Ungmennafélagið Víkingur Ólafsvík, knattspyrnudeild
gegn
Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

Dómur:

Mál þetta er höfðað með ódagsettri kæru sem barst skrifstofu KSÍ 23 .mars s.l.. Kærandi er Ungmennafélagið Víkingur Ólafsvík, knattspyrnudeild, kt. 520290-2579, Ólafsbraut 21, Ólafsvík, en hið kærða félag er Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 410687-1359, Kaplakrika, Hafnarfirði

I.

Dómkröfur.

Dómkröfur eru þær að kærandi, Víkingur Ólafsvík, gerir kröfu um að leikur FH og Víkings sem fór fram í Deildarbikarkeppni KSÍ sunnudaginn 19. mars 2006 verði dæmdur FH tapaður 0-3.

Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda.

Kærandi lýsir málsatvikum þannig í kæru: "FH ingar skiptu inn á tveimur leikmönnum í fyrri hálfleik, einum í hálfleik og þremur í seinni hálfleik, þrátt fyrir að að þeir hafi einungis mátt skipta inná tveimur leikmönnum í seinni hálfleik þar sem tvær skiptingar höfðu verið notaðar í fyrri hálfleik."

Varðandi lagarök vísar kærandi í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2006 grein 6.2., en þar segir: "Þá er heimilt að hafa sjö varamenn en heimilt er að skipta 4 varamönnum inná í hverjum leik og að auki er heimilt að skipta allt að 3 varamönnum inn á í leikhléi, áður en síðari hálfleikur hefst."

Kærandi telur að sambærilegt mál hafi komið upp í leik ÍR gegn ÍH í bikarkeppni KSÍ sumarið 2004 þar sem ÍR ingar notuðu of marga varamenn og var þeim dæmdur ósigur 0-3 í þeim leik.

Til frekari sönnunar leggur kærandi fram leikskýrslu í framangreindum leik FH og Víkings Ólafsvík sem fram fór sunnudaginn 19. mars 2006.

II.

Hið kærða félag hefur lagt fram greinargerð þar sem aðallega er krafist sýknu af kröfum kæranda, en til vara er þess krafist að leikurinn verði leikinn að nýju. Orðrétt segir síðan í greinargerð hin kærða félags:

"1. Málavextir

Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við lýsingu kæranda á málavöxtum varðandi framgang skiptinga FH í leiknum.

2. Málstæður

Kröfu um sýknu byggir FH á því að Deildarbikarkeppnin sér í eðli sínu æfingamót. Um slík mót gildi eðli samkvæmt aðrar reglur en um deildar og bikarkeppni KSÍ sem leikin er á hefðbundnu keppnistímabili hér á landi.

Þessu til staðfestingar bendir kærði á að í sérstakri reglugerð um Deildarbikarkeppni séu ákvæði mun rýmri en í öðrum keppnum varðandi skiptingar leikmanna. Í þessari keppni er heimilt að nota 7 varamenn og má skipta þeim öllum inná í leiknum. FH notaði 6 varamenn í umræddum leik en ekki 7 eins og heimilt var. Hér þykir, til áréttingar því hvers eðlis þetta mót er í raun og tilgangur þess, rétt að benda á tilkynningu sem sett var á vef KSÍ 30. janúar sl. svohljóðandi;

„Um deildarbikarinn 2006 Keppni hefst um miðjan febrúar

Deildarbikarkeppni KSÍ hefst um miðjan febrúar og hafa reglugerðir í deildarbikar karla og kvenna verið kynntar þeim félögum sem taka þátt.

Heimilt að nota 18 leikmenn Nú verður heimilað að nota 18 leikmenn í stað 16 áður. Til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum þurfa 3 af þessum 7 skiptingum að vera gerðar í leikhléi. Notað er sérstakt leikskýrsluform fyrir 18 leikmenn sem KSÍ leggur til (rautt leikskýrsluform).

Úrslitakeppni karla

Úrslitakeppni A-deildar hefur verið minnkuð. Nú komast 2 lið áfram úr hvorum riðli í stað 4 áður.

Ólöglegir leikmenn

Minnt er sérstaklega á neðangreint ákvæði:

10.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Staðfesti skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til Dómstóls KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Í þessari tilkynningu kemur greinilega fram að ákvæði um skiptingu þriggja leikmanna í leikhléi er eingöngu til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum. Í þessu tilfalli er ágreiningslaust að dómari leiksins heimilaði skiptingar FH í síðari hálfleik. Verður því ekki annað ráðið en að hann hafi talið að þær væru ekki til þess fallnar að tefja leikinn svo neinu nemi. Í þessu sambandi má velta fyrir sér hvað gert yrði ef lið verður fyrir því að leikmenn meiðast í síðari hálfleik. Að mati FH er óhugsandi að liði yrði meinað að skipta inn leikmanni fyrir meiddan mann ef það er ekki búið að nota alla varamenn sína.

FH heldur því fram að fordæmi það sem kærandi vísar til sé ekki sambærilegt og þetta mál. Þar háttaði svo til að ÍR notaði fleiri varamenn en heimilt var en svo er ekki í þessu tilfalli eins og áður er bent á. Þá er því að auki haldið fram að dómur áfrýjunardómstóls KSÍ í máli ÍR og ÍH sé efnislega rangur og þar með ekki bindandi.

FH bendir auk þess á að í nefndri reglugerð um Deildarbikarkeppni sé sérstakt ákvæði um agamál og einnig er sérstaklega tekið fram að leikur tapist 0-3 ef lið mæti ólöglega skipað til leiks. Ekkert er hins vegar fjallað um hvað gera skuli í tilfalli sem þessu enda er það ekki nema von þar sem ákvæði um innáskiptingar er undantekningarákvæði sem eingöngu gildir í Deildarbikarkeppni KSÍ. Af þeim sökum er ekki að finna neinar vísbendingar í hinni almennu reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

FH heldur því fram að fyrir „brot“ eins og hér er kært fyrir sé alltof mikil refsing að dæma leikinn tapaðan. Það er því krafa FH ef dómstólinn kemst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að taka ekki sýknukröfu FH til greina þá beri að láta leikinn fara fram að nýju."

III.

Málsmeðferð.

Hinu kærða félagi var gefin kostur á að tjá sig með skriflegri greinargerð um kærufni og gafst kæranda síðan tækifæri að koma að athugasemdum, mótmælum eða gagnrökum með svargreinargerð, en kærandi taldi ekki ástæðu til þess. Ákvað dómari því að dómataka málið á þeim skriflegum gögnum sem fyrir lágu í málinu, en báðir málsaðilar lýstu því yfir að gagnasöfnun í málinu af þeirra hálfu væri lokið.

IV.

Niðurstaða.

Þegar málsatvik eru skoðuð sést að hið kærða félag skipti inn á tveimur leikmönnum í fyrri hálfleik, einum í hálfleik og þremur í seinni hálfleik. Alls eru þetta því 6 varamenn. Eins og áður er fram komið

hljóðar framangreint ákvæði í grein 6.2 í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2006. svo:" Félög mega skrá 18 leikmenn á leikskýrslu, þar af 7 varamenn. Heimilt er að skipta 4 varamönnum inn á í hverjum leik og að auki er heimilt að skipta allt að 3 varamönnum inn á í leikhléi, áður en síðari hálfleikur hefst. "

Til nánari útlistunar á framkvæmd ákvæðisins birti KSÍ eftirfarandi á vefsíðu sambandsins 30. 1. sl."Heimilt að nota 18 leikmenn Nú verður heimilað að nota 18 leikmenn í stað 16 áður. Til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum þurfa 3 af þessum 7 skiptingum að vera gerðar í leikhléi."

Mál þetta er að mati dómsins annars eðlis en það mál sem kærandi vísar til ,enda notar hið kærða félag sannanlega ekki fleiri varamenn í viðkomandi leik en áður nefnt ákvæði heimilar.

Fallast verður á þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð hins kærða félags að deildarbikarkeppnin sér í eðli sínu æfingamót, æfingamót fyrir deildar- og bikarkeppni KSÍ sem fram fara að sumri.Um slík mót gilda því eðli máls samkvæmt aðrar reglur. Reglur mótsins eru ekki settar af knattspyrnuþingi eins og almennt gildir varðandi landsmót í meistaraflokki karla og kvenna. Þær eru því oft mismunandi frá ári til árs og eru t.d. reglur um fjölda leikmanna og skiptingar varamanna mun rýmri en almennt gildir enda tilgangur slíkra móta að gefa sem flestum leikmönnum tækifæri að leika áður en hið hefðbundna keppnistímabil hefst. Til þess að framkvæmd slíkra móta geti gengið sem greiðlegast fyrir sig er nauðsynlegt að stjórnendur mótsins sem er mótanefnd KSÍ hafi víðtækarar ákvörðunarvald en almennt gerist í landsmótum meistaraflokks. Slíkt vald hefur mótanefnd KSÍ samkvæmt 10 .grein reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2006.Þar kemur ennfremur fram að staðfesti skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins 0-3 og tilkynna það viðkomandi félögum. Þarna er mótanefnd í senn stjórnandi mótsins og tekur jafnframt að sér hlutverk sem aganefnd og dómstólar KSÍ sinna að jafnaði í hefðbundnum landsmótum á vegum KSÍ.

Með hliðsjón af framansögðu og hvers eðlis deildarbikarkeppnin er verðu ekki fallist á að hið kærða félag hafi brotið gegn ákvæði í grein 6.2 í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla 2006 þar sem félagið notaði 6 varamenn í leiknum, en heimild er til að nota alls 7 varamenn eins og áður segir.

Leiðbeiningar um tímasetningar hvenær varamönnum er heimiluð þátttaka í leiknum eru öðru fremur gefnar til að koma í veg fyrir óþarfa tafir á leiknum. Ekki verður séð að svo hafi verið í umræddum leik enda heimilaði dómari þá skiptingu sem um er deilt.

Verður af þessum sökum því fallist á sýknukröfu hins kærða félags.

DÓMSORÐ:

Úrslit í leik Víkings Ólafsvík og FH í meistaraflokki karla sem fram fór í deildarbikarkeppni karla hinn 19. mars 2006 skulu standa óbreytt

Þannig fram farið
Reykjavík 18. apríl 2006
F.h. Dómstóls KSÍ
Gunnar Guðmundsson (sign.)